

# LION



Íslensk útgáfa

[www.lions.is](http://www.lions.is)

blað nr. 333

september 2022



*We Serve*



# Saman erum við lionsliðið

## Pistill Alþjóðaforseta



Halló lionsfélagar,  
Ég er aldeilis spenntur fyrir að ávarpa ykkur í fyrsta sinn sem nýr Alþjóðaforseti ykkar. Þið sem þekkið mig vitið að ég vil helst gera hlutina á skemmtilegan hátt. Þið sem þekkið mig ekki, vona ég að ykkur líki við hvernig ég nálgast þjónustuverkefni - sem er að vinna allt með miklum krafti og brosi.

Fólk segir að ég hafi mikla orku og það hefur rétt fyrir sér og ég hef hugsað mér að nýta hana alla til að lyfta ykkur upp og hvetja á þessu ári. Ég veit að Lions býr einnig yfir mikilli orku og ég veit að saman getum gert stóra hluti.

Einstaklingur getur horft á allt það sem þarf að gera í heiminum og fundist það yfirþyrmandi. En þegar þú ert í Lions, þá ertu aldrei einn á báti. Þú ert með heilt lið af lionsfélögum á bak við þig.

Ég vil að þið vitið að á öllu mínu starsári sem forseti ykkar, og lengur, þá verð ég alltaf í liði með ykkur. Ég verð alltaf hér til að hvetja ykkur áfram. Þess vegna segi ég við skulum vera stærstu aðdáendur hvers annars. Við skulum hafa það klárt að þegar Lions setur orku í verkefni þá er það framkvæmt með stuðning allstaðar frá. Við erum eitt lið - lionsliðið.

Þú segir að þú viljir gera miklar breytingar. Sama segi ég, sameiginlega getum við það.

Ykkar til þjónustu reiðubúinn  
*Brian Sheehan*  
Alþjóðaforseti Lionshreyfingarinnar  
Þýðing: Geir Hauksson

## Lions tekur þátt!



Jóhanna Thorsteinson

Umhverfisstjóri MD 109



### Endurheimt vistkerfa

Nú stendur yfir áratugur Sameinuðu þjóðanna um verndun og endurheimt vistkerfa um allan heim í þágu fólks og náttúru.

Við landnám er talið að birkiskógar hafi þakið frá 8-40% af grónu landi. Við rannsóknir

á þéttleika birkifrjókorna í jarðlögum hefur komið í ljós að þéttleikinn minnkar skyndilega eftir landnám. Sú uppgötvun styður kenningar um að við, Íslendingar höfum valdið skógar-eyðingunni sjálf. Sömu leiðis hafa aðrar rannsóknir á plöntu- og dýraleifum sýnt það sama.

Íslensk stjórnvöld stefna að því að stækka verulega birkiskóga landsins fyrir árið 2030 og hafa tekið svo nefndri Bonn-áskorun sem er alþjóðlegt átak um endurheimt skóga og er skipulögð af alþjóða náttúruverndarsamtökunum IUCN í samstarfi við fleiri aðila. Markmið Íslands er að um að árið 2030 vaxi birkiskógar á 5% landsins, í stað 1,5% nú.

Það er í senn metnaðarfullt og mikilvægt starf að auka þekju birkiskóga og birkikjarrs í 5%. Það verður ekki auðvelt og því er mikilvægt að virkja sem flesta til reyna að ná þessu 5% markmiði.

### Landsátak í söfnun birkifræs

Landsátak í söfnun og sáning birkifræs sem hófst haustið 2020 er liður í Bonn - verkefninu og byggist hugmyndafræði birkiverkefnisins á

þáttökunálgun. Markmið er að mynda tengslanet við félagasamtök, skóla, fyrirtæki og aðra aðila til að efla söfnun og dreifingu á birkifræi. Lögð verður áhersla á að fá slíka aðila til að taka að sér að safna fræi, skila fræinu á móttökustaði eða sá því á beitarlaus svæði ef kostur er.

Þannig eignast þátttakendur hlut í mikilvægu umhverfisverkefni og þannig næst bæði umhverfislegur og félagslegur árangur sem er afar þýðingarmikill.

### Er klúbburinn þinn tilbúinn?

Á næstu dögum og vikum verður fólk er hvatt til þess að fara út og safna birkifræjum og leggja inn í birkibankann. Það er grunnur að ánægjulegri samveru okkar Lionsfélaganna og fjölskyldna okkar að vera með og leggja þessu ánægjulega málefni lið !!

Skilafrestur á efni í næsta blað er 27. október

# Heimsókn alþjóðaforseta Lions Brian Sheehan og Lori til Íslands



## Velkomin til Íslands

Alþjóðaforseti Lions Brian Sheehan og Lori kona hans voru á Íslandi 5.-9. september. Brian og Lori eru frá Bird Island, Minnesota í Bandaríkjunum. Lionsfélagar á Reykjanesi tóku vel á móti IP Brian og Lori í Leifsstöð.



Brian óskaði eftir að taka þátt í verkefnum Lionsklúbba, auk þess að geta hitt marga Lionsfélaga á fundum þar sem hann gat sýnt myndefni sitt á stórum skjá. Boðið var upp á tvo opna fundi í Lionsheimilinu, sem vakti mikla ánægju meðal Lionsfélaga, enda eru bæði Brian og Lori stórskemmtileg og líflægir ræðumenn.



**Opið hús** var í Lionsheimilinu, þar sem Brian og Lori voru boðin velkomin til Íslands. Brian kynnti stefnu sína og markmið og þakkaði íslenskum Lionsfélögum fyrir dugnað og gjafmildi. Hann gaf sér góðan tíma að spjalla við Lionsfélaga og brosa fyrir myndatökur. Félagar úr Lkl. Úu Mosfellsbæ sáu um glæsilegar veitingar.



## Sérstakur viðburður

Þar sem Brian heiðraði nýja Melvin Jones féлага og veitti viðurkenningar fyrir vel unnin störf. Brian tók inn nýja féлага, sem er einstakur heiður. Formenn klúbba fengu viðurkenningarskjöl. Við þessi tímamót gegnu 15 félagar frá eftirtöldum klúbbum í Lions: Eik Garðabæ, Fold Reykjavík, Kaldá Hafnarfirði, Lkl. Laugardals, Lkl. Njarðvíkur og Úa Mosfellsbæ.



Lori fléttaði saman, í fróðlegu erindi „Lions in Motion“, hvernig hún nýtti sér rafrænar leiðir í COVID, til að hvetja Lions til að stunda íþróttir, auka hreyfingu og efla heilsuna og á sama tíma að afla fjár til LCIF. Sýndi hún mörg dæmi um árangur á verkefnum víða um heim.



**Móttaka á Bessastöðum**

Eitt af hlutverkum alþjóðaforseta í heimsóknum sínum er að hitta þjóðarleiðtoga eða ráðamenn, til að styrkja mynd Lions og kynna Lions á heimsvísu og heima fyrir. Við náðum að hitta tvo slíka, einn á Álftanesi og annan á Akranesi. Við fengum hefðbundna móttöku á Bessastöðum hjá forseta Íslands. Guðni Th. tók vel á móti okkur að vanda, átti skemmtilegar viðræður við Brian um Lions á Íslandi og víða um heim.



**Upplifun**

Við buðum upp á smá upplifun og landkynningu, án þess að þurfa að keyra mikið. Brian og Lori voru á Íslandi haustið 2019 á alþjóðastjórnarfundum Lions, en Brian var þá 3. varaforseti (og undirrituð var alþjóðaforseti). Þá ferðuðust þau allnokkuð, fóru meðal annars um Reykjanesið og Gullna hringinn. Því var sá kostur tekinn þetta skiptið að bjóða þeim í „FlyOver Iceland“, að sjá allt Ísland með hjálp tækninnar.



**Össur: Líf án takmarkana**

Þar sem Brian hefur mikinn áhuga á tækni og Lori á heilsu og hreyfingu, náðum við að sameina það í heimsókn til Össurar, sem er fyrirtæki á heimsvísu í þróun, hönnun og framleiðslu á gervilimum. Hugsjón Össurar og Lions nær saman í að gefa fólki með fötlun ný tækifæri og aukin lífsgæði.



### Heimsókn á BUGL

Barna- og unglíngageðdeild Landspítala hefur í tvo áratugi fengið ríkulegan stuðning og höfðinglegar gjafir frá Lkl. Fjörgyn í Reykjavík. Má nefna reksturs tveggja bifreiða frá 2007. Upptökubúnaður fyrir hljóð og mynd vegna greiningarviðtala lækna. Einnig fartölvur, ljósritunarvél, sjónvarp, skjávarpar, sýningartjald, kaffivél og margvísleg húsgögn. Fjörgyn hefur lagt aðaláherslu á stuðning við börn og bágstaddar fjölskyldur; m.a. studdu ríkulega við Barnaspítala Hringsins, m.a. gefið tæki til meðferðar á sjúklingum og þjálfunar starfsfólks; einnig leikföng handa yngstu skjólstæðingunum. Auk þess tekur klúbburinn þátt í öllum Lions-verkefnum á landsvísu og heimsvísu. Verkefni fjármagna þeir einkum með Herrakvöldi og árlegum stórtónleikum í Grafarvogskirkju.



### Heimsókn í Rjóðrið

Lkl. Kópavogs hefur lengi stutt Rjóðrið sem er hjúkrunar- og endurhæfingardeild LSH fyrir langveik og fötluð börn. Klúbbfélagarnir hafa endurgert sal í Iðjuhúsinu fyrir starfsemi Rjóðurs, fært heimilinu bíl og eru nú um þessar mundir að endurbyggja elsta íbúðarhúsið í Kópavogi í þeim tilgangi að útbúa íbúðir fyrir aðstandendur barna Rjóðursins sem og aðstandendur fólks á líknardeildar Landspítala. Klúbburinn fjármagnar verkefni sín með fjölbreyttum hætti, m.a. með árlegri skötuveislu, borðaleigu, herrakvöldi og sölu á arinkubbum sem sjá má á myndinni.



### Sjúkrahúsið á Akranesi

Lkl. Akraness hefur fært Sjúkrahúsinu á Akranesi tækjabúnað og stutt starfsemin í 6 áratugi. Þeir hafa m.a. gefið blóðkornateljara fyrir 6 milljónir króna, en gegn um tíðina gjafir upp á 35 milljónir króna. Aðal fjáröflun klúbbsins er leiga á ljósakrossum í kirkjugarði Akraness. Gjafir klúbbsins og tækjabúnaður var skoðaður og starfsfólk kynnti starfseminu. Brian heiðraði Benjamín Józefsson með forsetaorðu fyrir frábæran árangur í Campaign 100 - LCIF. Bæjarstjórinn á Akranesi Sævar Freyr Þráinsson tók á móti Brian og íslenska fylgdarliðinu á skrifstofu sinni og færði Brian bók um Akranes. Brian afhenti bæjarstjóranum Friðarveggspjald Lions, en það fór vel á með þeim félögum.



**Rauð fjöður 37,5 milljónir**

Myndarlega athöfn var í Hús Blindrafélagsins. Sigþór U. Hallfreðsson og Kristinn Halldór Einarsson kynntu starfsemi félagsins og vinnustofunnar. Það kom fram að talgervillinn „Dóra og Karl“ sem Lions safnaði fyrir með Rauðri fjöður árið 2010 er enn í notkun. Sjónstöðin kynnti sýnishorn af algengum hjálpartækjum blindra og sjónskertra og sjónhermigleraugu. Síðan kom að hátíðarstundinni þegar Brian Sheehan, Þorkell Cýrusson og Kristófer Tómasson afhentu afrakstur söfnunar Rauðu fjaðrinnar, alls 37,5 milljónir króna. Þorkell J. Steindal formaður Leiðsöguhundadeildar Blindrafélagsins sagði frá leiðsöguhundinum sínum Gaur og hvernig hann hefur breytt öllu í hans lífi. Elfa S. Hermannsdóttir forstjóri Sjónstöðvarinnar – sagði frá starfseminni og þjónustunni við blinda og sjónskerta á Íslandi og m.a. um Augnbotnamyndavélina sem safnað var fyrir með Rauðu fjöðrinni 2019. Hlynur Þór Agnarsson og Haraldur G. Hjálmarsson léku á píanó, en þeir tóku báðir þátt í Alþjóðlegri Söngvakeppni Lions fyrir blinda og sjónskerta.



**Börn frá Úkraínu**

Lkl. Eik í Garðabæ hefur stutt úkraínsk flóttabörn í Garðabæ með ýmsu móti síðan þau komu til landsins, m.a. með listmeðferð, sem hjálpar börnunum að aðlagast breytingum og að vinna úr tilfinningunum. Núna var klúbburinn að gefa börnunum spjaldtölvur til að auðvelda samskipti þeirra við fólkið sitt í föðurlandinu og til að efla móðurmálskennslu þeirra með fjarkennslu frá Úkraínu. Verkefnið er styrkt af LCIF og fleiri stuðningsaðilum.



**Forsetatré**

Brian kom í gróðurreit Lkl. Ásbjarnar Hafnarfirði, þar sem hann gróðursetti tré eins og alþjóðaforsetar hafa gert frá og með árinu 1998. Félagarnir fjölmenntu og aðstoðuðu forsetann við trjáplöntun og buðu svo upp á hákarl og brennivín, harðfisk og fleira góðgæti.



### Hvildarlaust

Dagskráin var þétt skipuð og ekki mikill tími til að slaka á. Þegar gert var matarhlé í hádegi og á kvöldin, voru valdir rólegir staðir svo hægt væri að ræða í þrengra hópi ákveðin viðfangsefni. Heiðursgestir voru fulltrúar ákveðinna málaflokka svo sem LCIF, GMT, GLT, GST og net-/upplýsingamála. Síðasta hádegið bauð Lkl. Mosfellsbæjar Brian og Lori ásamt föruneysi í hádegisverð í Blik í Mosfellsbæ. Forsetinn færði formanni klúbbsins Þorsteini Y. Bjarnasyni fána og skjal í þessu tilefni. Góð hugmynd fyrir næstu forsetaheimsókn.



### Vikingur og Valkyrja

Lokakvöldverður var í léttum dúr, borðað í Fjörúkránni með dúndrandi Víkingastemningu. Brian var gerður að Heiðursvíkingi og Lori að Heiðursvalkyrju. Fyrir um daginn gat Lori heilsað upp á og umvafið birkitré sem hún gróðursetti í apríl 2019, þegar alþjóðastjórnin gaf „Guðrúnu forseta sinn skóg“ í landi Skógræktarfélags Hafnarfjarðar. Brian og Lori kunnu vel við sig á Íslandi og hafa núna ýmsar tengingar og rætur, í menningu og náttúru. Takk fyrir komuna og velkomin aftur.

*Guðrún Björt Yngvadóttir  
Fyrirverandi Alþjóðaforseti*



# Bingó er frábær skemmtun og fjáröflun



Hafðu samband og við aðstoðum klúbbinn þinn til að halda stórbingó í þínu nærumhverfi

[www.bingospil.is](http://www.bingospil.is) • [bingospil@bingospil.is](mailto:bingospil@bingospil.is) • Sími 690 9018





# Lionsklúbbur Kópavogs stendur í stórræðum

Kristófer Tómasson

Fjölumdæmisstjóri



Það var okkur sem tilheyrum þetta árið forystusveit ionsfélaga mikil ánægja að taka á móti alþjóðaforsetanum okkar, Brian Sheehan og konu hans Lori.

Lionsklúbbur Kópavogs er einn af þeim klúbbum sem tóku á móti forsetanum og hópnum. Þeir hafa beint kröftum sínum að Rjóðrinu í Kópavogi.

Líklega yrðu flestir sem myndu kynna sér hverskonar verkefni er hér greint frá, verða eins og forsetinn og fylgdarliðið fullir aðdáðunar. Í einstakri haustblíðu leit forsetaliðið á verkefni hjá Lionsklúbbi Kópavogs. Ljóst má vera að Lionsklúbbur Kópavogs hefur með stuðningi við Rjóðrið unnið þrekvirki sem ástæða er til að hrósa í hástert. Margar vinnustundir og fórnfýsi liggur greinilega þar að baki. Í Rjóðrinu er unnið mjög göfugt starf við hjúkrun og endurhæfingu barna að 18 ára aldri. Fátt er eins dýrmætt í velferðarsamfélagi en að úrræði sé til staðar fyrir börn sem glíma við langvinn veikindi og fötlun. Ef Rjóðrið nyti ekki þessa mikla stuðnings frá Lionsklúbbi Kópavogs og annarra bakhjarla er ljóst að ekki væri hægt að hlúa eins myndarlega að skjólstæðingum eins og

raun ber vitni. Nýuppgerður salurinn er hinn glæsilegasti og bíllinn gagnast vel.

Með því að endurbyggja elsta íbúðarhúsið í Kópavogi er klúbburinn að slá tvær flugur í einu höggi. Ef ekki fleiri. Verið er að bjarga dýrmætum menningar- og minjaverðmætum sem legið hafa undir skemmdum. Húsið var byggt á fyrstu árum tuttugustu aldar og var friðað fyrir 10 árum. Um leið er verið að koma til móts við þá þörf sem óhjákvæmilega skapast hjá fjölskyldum langveikra og fatlaðra barna sem búa utan höfuðborgarsvæðisins. En íbúðum í húsinu er ætlað að hýsa aðstandendur skjólstæðinga Rjóðursins.

Fjölumdæmisstjórinn fylltist enn meira stolti en áður af því að tilheyra lionsshreyfingunni við þessa heimsókn til Lionsklúbbs Kópavogs og skynjaði hann að upplifun alþjóðaforseta væri sú sama, en hann lét sig ekki muna um að leggja nokkur handtök til verksins.

## Heimsókn til Akraness

Sigurður Steingrímsson

Umdæmisstjóri 109 B



Lionshreyfingin á Íslandi tók á móti alþjóðaforseta Lions, Brian Sheehan og Lori konu hans núna í september. Þau hjón komu til landsins 5. september og flugu til síns heima í Bandaríkjunum 9. september til að taka 2. daga hvíld áður en heimsóknun til lionsfólks úti í hinum stóra heimi yrði haldið áfram. Í heimsóknunum sínum, til þeirra landa sem lionsfólk er að finna, leggur Brian Sheehan áherslu á að hitta lionsfélaga og kynna sér starfsemi og verkefni lionsklúbba hvar sem hann fer. Ein af heimsóknunum þeirra hjóna

meðan þau dvöldu hér á landi, var til Akraness. Á Akranesi tóku fulltrúar Lionsklúbbsins Eðnu og Lionsklúbbs Akraness, á móti þeim ásamt nokkrum starfsmönnum Heilbrigðisstofnunar Vesturlands í húsnæði Heilbrigðisstofnunar Vesturlands á Akranesi.

Starfsmenn Heilbrigðisstofnunar Vesturlands kynntu starfseminu fyrir gestunum og það var engin launung hvað þeim, Brian Sheehan og Lori, þótti mikið til koma og hvað viðamikil og viðtæk starfsemin er. Í kynningu starfsmanna kom fram að þeir þjóna, auk Vesturlands, fólki víða að af landsbyggðunum. Auk allrar almennrar sjúkráhusþjónustu hefur m.a. verið lögð áhersla á liðskiptaþgerðir og þjónustu við verðandi mæður. Heilbrigðisstofnunin veitir einnig fólki af Höfuðborgarsvæðinu þjónustu.

Til að tryggja sem best þjónustu slíkrar stofnunar þurfa margir að koma að. Ekki hafði kynning starfsmanna Heilbrigðisstofnunar Vesturlands varað lengi þegar fram kom hvað lionsklúbbarnir á Akranesi hefðu gegnt mikilvægu hlutverki þegar kom að tækjabúnaði Heilbrigðisstofnunarinnar. Á heilbrigðisstofnuninni eru fjölmörg tæki sem lionsklúbbarnir hafa gefið. Greinilegt var að mikil nánd ríkir milli lionsfélaga á Akranesi og starfsmanna Heilbrigðisstofnunarinnar, sem hafa í allmörgum tilvikum einnig starfað í lion.



Brian Sheehan og Lori til vinstri ásamt Bjarka Halldórssýni fyrir miðju og Birni Gunnarsýni til hægri.

Myndin af þessari nánd og þessari sterku samheldni á Akranesi hreif Brian Sheehan og Lori og þeim varð tíðrætt um hvað svona stuðningur á heimasvæði væri mikilvægur. Samstarf og samtakamáttur lionsklúbba og Heilbrigðisstofnunarinnar var greinilegur og fellur vel að einkunnarorðum Brian Sheehan sem eru „To gether we can“ eða „saman getum við“.

Heimsóknin til Akraness var bæði skemmtileg og fræðandi. Það er augljóst að þarna eru sterkir klúbbar sem sýna í verki hvers þeir eru megnugir.


Hafið þökk yfir móttökuna.



# Heimsókn Alþjóðaforseta Brian Sheehan og Lori Sheehan

Víðir Guðmundsson

Umdæmisstjóri 109-A



Það var einstaklega skemmtilegt að fá að taka þátt í heimsókn Alþjóðaforseta Brian og konu hans Lori, dagarnir voru langir en að sama skapi afskaplega ánægjulegir þar sem hlátur og gleði voru í fyrirrúmi en það er eitt því fyrsta sem mér fannst einkenna þau hjón.

Kjörorð Brian's eru Together we can sem útleggst á Íslensku (Saman getum við) og hann meinar hvert einasta orð því að strax á fyrsta degi fann maður að þau hjónin líta bara á sig sem hvern annann Lions félagar og þau hafa ekki alltaf verið í sparifötum við sín störf heldur taka þau fullan þátt í þeim verkefnum sem unnin eru.

Mig langar að segja ykkur frá þegar við heimsóttum Bessastaði.

Tveimur dögum fyrir heimsóknina þangað sótti ég þau hjónin á hótelið og keyrði með þau upp í Lionsheimili þar sem móttaka fór fram. Þarna náði ég að spjalla vel við þau og

hafði undirbúið hvað mig langaði að spyrja Brian sem svaraði öllum mínum spurningum og ráðlagði mér heilt, rétt áður en við komum á áfangastað laumaði ég því að Brian að hann og Guðni Forseti ættu sameiginlegt áhugamál sem væru litskrúðugir sokkar (Þeir sem ekki vita þá gengur Brian alltaf í sokkum með myndum af mörgæsum) hann fer þá strax að velta fyrir hvort hann ætti að færa Guðna sokka sem og ég hvatti hann til að gera, þess má geta að Lori var þá búin að upplýsa Brian að hann væri með auka pör í pakkningum.

Þegar við komum á Bessastaði var eins og tveir gamlir vinir hittust þar sem þeir smullu vel saman Forsetarnir og voru Brian og Lori yfir sig hrifin og undrandi að þarna væri nánast engin öryggisgæsla en Guðni svaraði því sem svo að gæslan væri svo háþrúð að hún sæist ekki.

Svo kom að því að Brian færði Guðna gjafir

og sagði að sér hefði verið sagt að honum líkaði litskrúðugir sokkar, Guðni var ekki seinn á sér að sýna það og dró upp skálm og Brian gerði það sama. Af því tilefni færði Brian, Forseta Íslands sína Alþjóðaforseta sokka með myndum af mörgæsum við mikin fögnuð.

Það sem upp úr stendur eftir heimsókn þeirra hjóna var að fá að kynnst enn betur því þróttmikla starfi sem Lions hreyfingin stendur fyrir í heimsóknum til klúbba sem kynntu sín verkefni og eins að hafa fengið að kynnst Alþjóðaforseta og hans konu betur.

Kæru félagar höfum það hugfast að þegar Alþjóðaforseti heimsækir okkur þá fáum við tækifæri til þess að hitta hann og spjalla, það er ekki sjálfgefið þar sem hann kæmist aldrei yfir að heimsækja alla en við höfum verið svo lánsöm að hafa fengið margar heimsóknir.

## Minning +

## Anna María Einarsdóttir

F. 24.03.1946 D. 26.07.2022



Lionsklúbburinn Úa kveður góða vinkonu og félagar. Anna María var einn af stofnendum Lionsklúbbsins Úu og gegndi þar ýmsum ábyrgðarstörfum. Var formaður, ritari, svæðisstjóri og formaður nefnda. Mæja lét aldrei sitt eftir liggja að taka að sér ný verkefni ásamt því að hvetja okkur hinar til þess sama og að vera virkar. Hún var kona hugsjóna og verka og hafði sterkar skoðanir. Til að minnast á mikilvæg og óeigingjörn

störf Mæju má nefna þátt hennar í ungmennabúðum Lions í júlí 2008 sem voru haldnar það árið í Varmárskóla. Þar sá hún matseld fyrir ungmennin og sinnti öðrum störfum sem til féllu. Þá má einnig nefna þátt hennar í blóðsykursmælingum og hjálp við kaffiveitingar á fyrirlesturum Alzheimer samtakanna. Við árlega gróðursetningu í Úulund, mætti hún ásamt öðrum með kaffiveitingar. Lionsklúbbarnir í Mosfellsbæ héldu Lionsþing 2010 og 2016, þar tók hún þátt í ýmsum verkum sem tilheyra stóru þingi. Til margra ára hélt hún utan um og prentaði félagaskrána fyrir klúbbinn með dyggri aðstoð eiginmannsins. 2016 gerði klúbburinn Önnu Maríu að Melvin Jones félagar. Félagar í Lkl. Úu minnast hennar með hlýhug og þakklæti.

Félagar í Lionsklúbbum Úu Mosfellsbæ.

# Heil og sæl kæru Lions félagar

Víðir Guðmundsson

Umdæmisstjóri 109-A



Nú þegar haustar og daga tekur að stytta þá getum við Lions félagar glaðst yfir því að starfið okkar er að fara á fullt skrið. Síðastliðin Covid ár hafa verið sérkennileg svo ekki sé meira sagt varðandi okkar starf þar sem mikið af því fór fram á fjárfundum. Eitt getum við þó verið þakklát fyrir og það er hvað þetta tímabil kenndi okkur að meta nærveru hvors annars á staðarfundum og einnig að við gætum fundað þó svo ekki allir væru á staðnum. Að því tilefni vill ég hvetja klúbba til þess að leita sér fræðslu um Lions mál þar sem nú höfum við séð að leiðbeinendur geta verið hvar sem er í heiminum og samt komið sínu efni til skila

þannig að ekki er lengur þörf um langan veg að fara. Við getum nú vonandi óhrædd sinnt okkar verkefnum sem krafist hafa nálægðar við náungan þó svo að veiran sé enn á sveimi en að sama skapi hvet ég fólk til þess að gæta ýtrustu varkárni, sér í lagi það sem veilt er.

Ég talaði um það á þinginu síðastliðið vor að ég vildi efla klúbbastarf með því að klúbbar einbeittu sér að því að hafa gaman í sínu starfi. Ef okkur hlakkar til þess að fara á fund og starfa smitum við út frá okkur og það er það sem við þurfum, við þurfum ekki að setja kvóta á hvern klúbbfélaga hversu marga hann á að mæla með á hverju ári. Ég myndi gjarnan vilja að klúbbfélagar allir spyrðu sig hvað finnst mér mest skemmtilegt og gefandi við að starfa í Lions og þá veit ég að eftirleikurinn verður auðveldur með félagafölgun.

Gerum Lions fjölskylduvænt er eitt af mínum áhersluatriðum, það er ekki nóg kannski að Mamma, Pabbi, Afi eða Amma séu bara að fara á fundi sem engin veit neitt um og kannski getum við opnað starfið okkar meira fyrir yngri kynslóðinni.

LEO klúbbar er eitthvað sem brennur mér í hjarta að endurvekja og vísa ég þá til þess sem ég hef áður sagt með fjölskylduvænt því að hver sú fjölskylda sem er samstíga í leik og starfi er heppin og þar tala ég af reynslu því að dóttir mín var ekki gömul þegar hún kom á fund með mér og eins tek ég virkan þátt í hennar starfi í íþróttum.

Ég hlakka gríðarlega til samstarfs með ykkur í vetur öllum Lions félögum hvort sem um er að ræða A umdæmis eða B þar sem góðvinur minn Sigurður stendur í brúnni og að ógleymdum Kristófer Tómassyni Fjölu-umdæmisstjóra þeim góða dreng.

Einkunarorð Alþjóðaforseta eru Together we can, sem ég vil íslenska á þá leið að (Sameinaðir stöndum vér, sundraðir föllum vér).



## Minning + Dóra Hannesdóttir



*Kær vinkona og stofnfélagi í Lionsklúbbum Ýr er fallin frá.*

*Dóra fæddist í Reykjavík 14. júní 1929 hún lést 22. ágúst 2022.*

*Við lionsfélagar hennar erum þakklátar fyrir að hafa notið krafta hennar frá fyrsta degi stofnunar klúbbsins okkar. Dóra sinnti öllum stjórnarstörfum klúbbsins, einnig fór hún í leiðtogaskóla lions, hún var alltaf tilbúin að bretta upp ermar og takast á við hin fjölbreyttu verkefni*

*stór sem smá sem biðu okkar og það með bros á vör. Ekkert verkefni var óþarfi eða leiðinlegt, það þurfti bara að leysa þau. Dóra var hvers manns hugljúfi, hreinskilin og einstaklega lífsglöð. Hún barði sér*

*ekki á brjóst um öll þau fjölmörgu verkefni sem nutu krafta hennar en við sem vorum henni samferða vitum hversu mikið hún gaf af sér og án hennar aðkomu og drifkrafts, hefðu sum verkefni ekki litið dagsins ljós. Það var aldrei nein lognmolla í kringum hana Dóru og stundum var hún aðeins á undan sér í huganum eins og þegar hún skildi dót eftir á þaki bifreiðar sinnar og hélt af stað út í umferðina, af slíkum sögum er nóg af taka og yljum við okkur við þessar góðu og kærleiksríku minningar.*

*Kæra Dóra, það er komið að leiðarlokum að sinni og þú komin af stað í annað verkefni án okkar. Við kveðjum þig með ást og virðingu og þökkum þér ánægjulega og kærleiksrika samfylgd í gegnum árin. Fjölskyldu og öðrum aðstandendum sendum við hugheilar samúðarkveðjur.*

*Fyrir hönd Lionsklúbbsins Ýr,  
Jórunn Guðmundsdóttir, formaður.*

# Heimurinn þarfnast Lions Metnaðarfullstu söfnun LCIF lokið

Eftir: Elizabeth Edwards

„Að breyta heiminum“. Þetta var mentaðarfullti fjáröflunherferð sem Alþjóðahjálparáskjöldur Lions (LCIF) hefur farið í í sögu sinni.

30. júní 2022, markaði formlega lok herferðar Campaign 100. Þökk sé stuðningi frá Lions, Leos, samstarfsaðilum og öðrum í þessri vegferð. Lions og Leos um allan heim geta fagnað því að ná því markmiði að safna meira en 300 milljónum Bandaríkjadala til að styðja við stofnunina fyrir komandi kynslóðir.

Allt fé sem safnast inn er síðan notað í styrki þannig að hver fjárhæð fer óskipt út til þeirra sem þurfa. Þannig mun LCIF styrkja sjónvernd, ungmenni, hamfarahjálp og mannúðaráttök hvers konar eins og til dæmis að berjast gegn sykursýki, krabbameini barna, hungurs-, og umhverfismál. Síðan 1968 hefur LCIF veitt meira en 1,1 milljarði Bandaríkjadala í styrki sem gera Lionsmönnum um allan heim kleift að „hugsa stórt“ í hugsjón sinni við að þjóna og aðstoða mannkynið.

Eins og Helen Keller sagði, „ein getum við gert svo lítið; saman getum við gert margt.“ Eins og margir vita þá skoraði Helen Kellar árið 1925 á Lionsmenn að gerast „riddarar hinna blindu“ í baráttunni við blindu. Áskorun hennar um að lýsa upp heiminn lifir áfram í hverjum lionsmanni og mun gera um aldur og ævi.

„Ég er svo stoltur af stuðningi Lions- og Leóa við Campaign 100 og tryggja framtíð alþjóðlegs hjálparáskjólðs okkar um ókomin ár,“ sagði Dr. Jitsuhiro Yamada, formaður Campaign 100. „Heimurinn þarf Lions og hjálparáskjólðinn okkar til að auka lífsgæði og vonir fólks í heiminum. Saman náum við um allan heim og hjálpar Lionsmönnum að veita íbúum heimsins í neyð þá aðstoð sem þeir þurfa.“

LCIF og Lions hafa áorkað svo miklu síðan herferðin hófst árið 2018 á 101. alþjóðarþings Lions í Las Vegas, Nevada, í Bandaríkjunum. Síðan herferðin hófst hefur LCIF búið til tvær ný styrkjaáætlanir sem taka á krabbameini og hungri barna. LCIF brást einnig fljótt við samfélögum um allan heim meðan á COVID-19 heimsfaraldrinum stóð með því að veita meira en 7 milljónum Bandaríkjadala í COVID-19 framlínu-hjálparstyrki.

LCIF stofnaði einnig nýjan sjóð fyrir flóttamenn og flóttamenn til að styðja við hjálparstarf undir forystu Lions til að hjálpa flóttamönnum að finna öryggi og öryggi á gríðarlega krefjandi tímum eins og yfirstandandi átök í Úkraínu.

„Ég er svo stoltur af Lionsmönnum og Leóum fyrir að hafa tekið undir þá hugmynd að þjónusta þýði bæði að gera og að gefa,“ sagði Dr. Jung-Yul Choi. „Að þjóna í eigin persónu, samþykkja fjölbreytileika og gefa til LCIF, er það sem það þýðir að vera lionsmaður.“


Pegar herferðinni lauk, fögnuðu Lions og Leós í eigin persónu á 104. alþjóðaráðstefnu Lions í Montréal og þökkuðu styrktaraðilum fyrir rausnarlegan stuðning þeirra við herferðina. Jafnvel þó að herferðinni ljúki, þá verður áframhaldandi fjársöfnun svo að lionsfélagar geti haldið áfram að sinn þörfum íbúa heimsins um aðstoð með liðsinni alþjóðahjálparáskjólðsins, LCIF.

„Einn og sér get ég gert lítið. Með klúbbnum mínum get ég gert meira. Með lionsshreyfingunni er það sem ég get gert nánast takmarkalaust,“ sagði fyrrverandi alþjóðaforseti J. Frank Moore III, varaformaður Campaign 100. „Ég studdi herferðina og ég mun halda áfram að styðja LCIF vegna þess að þetta er aðeins byrjunin á því hvernig við breytum heiminum saman um komandi kynslóðir.“

Fræddust um hvernig LCIF í gegnum Campaign 100 gerði gæfumuninn og hvernig LCIF mun halda áfram að breyta heiminum á lionsclubs.org/Campaign100 með því að lesa það sem kemur fram í slóðinni hér að neðan.

<https://lionsclubs.box.com/s/462zp5dslo57phstlulqaxockr3i7p1w>

Þýðing: Þorkell Cýrusson



**NÝIR MODEL KLÚBBAR HAFNA FREST  
TIL 30. JÚNÍ 2025 TIL AÐ LJÚKA GREIÐSLUM.**

# Af Loftslagsvá nútímans

Jóhanna Thorsteinson

Umhverfisstjóri MD 109



Þegar rætt er um gróðurhúsaáhrifin og vaxandi áhrif loftslagsbreytinga í andrúmsloftinu fallast manni hendur. Hvort tveggja er, að þegar lesið er í þau gögn sem aflað hefur verið um málið t.d. með því að kanna ísborkjarnana úr Grænlandsjökli má sjá að miklar sveiflur og snöggar hafa breytt loftslag jarðar í gegnum árþúsundin. En þær breytingar voru af náttúrulegum orsökum. Hamfarir á jarðarkringlunni eru sennilega þar vakarnir, loftsteinahrap á jörðina, hamfaraeldgos og annað eftir því. Hitt er gríðarleg fjölgun fólks á jörðinni sem útheimtir aukna neyslu, meiri mat, vatn, orku. Og svo ör er fólksfjölgunin og svo örar eru framfarir læknávisindanna að mannkynið hefur sennilega aldrei átt von um lengri lífdaga og einmitt um þessar mundir.

Síðan er vert að muna að samkvæmt skilgreiningum jarðfræðinga mun jörðin okkar vera stödd á hlýskeyði ísaldar. Lífsskilyrði á Íslandi voru mun hagfelldari fyrir nokkrum milljónum ára, þ.e. fyrir ísöldna fyrir ca 4 milljónum ára, þegar loftslagið hér var svipað og í Maine eða New Jersey í Bandaríkjunum. Því til sönnunar höfum við steingerðar skógarleifar sem sýna okkur fjölbreyttan trjágróður og steingerð bein af dádýrum sem hafa fundist hér.

## Hverjir menga mest?

Ef skoðað er hvaða þjóðir menga mest í heiminum í dag, kemur sjálfsgat engum á óvart að þar skipi Kínverjar efsta sætið. Og þjóðir eins og Indverjar, Rússar og Japanir skipa líka topp fimm sætin á listanum. En það kemur á óvart að sjá Bandaríkjamenn skipa annað sætið og Japanir skipa þar fimmta sæti. Með nútíma tækni hefði maður haldið að þær þjóðir væru betur menntaðar, upplýstar og tæknivæddar til að fyrirbyggja þessa gríðarlegu loftmengun.

Eins og Greta litla Tunsberg sagði, þá er tæknin til að fyrirbyggja þessa gríðarlegu losun fyrir hendi.

Þessi ríki skipa efstu sætin fimm vegna þeirrar losunar sem þau dæla út í andrúmsloftið. Losunin er mæld er í milljónum tonna CO<sub>2</sub> (Koltvísýringur). En það eru fleiri hættulegar lofttegundir sem fylgja með, svo sem nituroxíð og metan gas.

## Kolin keyra efnahagslífið

Stærsti mengunarvaldurinn í þessum löndum er brennsla kola og annars jarðeldsneytis, sem kemur til af miklum fólksfjölda og öflugum iðnaði, sem er drifinn af kolabrennslu. Í Kína, sem er fjölmennasta þjóð heims, er talið að íbúafjöldinn sé rúmir 1,4 milljarðar og þéttleiki byggðar gríðarlegur, eða 145 íbúa á hvern ferkílómetra. Þeir dæla 9,9 milljónum tonna af hættulegum lofttegundum út í andrúmsloftið ár hvert. Bandaríkjamenn eru aftur á móti ríflega 331 milljón íbúa og 33 íbúa á hvern ferkílómetra. Þeir dæla tæplega 4,4 milljónum tonna af sömu hættulegu lofttegundunum út í andrúmsloftið ár hvert. Svo má gera sér til gaman að reikna út sótspor hvers íbúa í þessum löndum!

Við, Íslendingar teljumst vera um 372 þúsund og þéttleiki byggðar á Íslandi er 3,5 íbúi á hvern ferkílómetra. Við Íslendingar komumst vart á blað. Nú stefnum að á orkuskipti og verðum væntanlega að mestu hætt að nota jarðefnaeldsneyti innan næstu tveggja áratuga.

Í Austur-Asíu eru kolin helsti orkugjafinn, bæði á heimilum og í iðnaði. Við getum rétt ímyndað okkur hvílíka loftmengun það skapar.

## Fólksfjölgunin á jörðinni

Hjá sumum þjóðum eru ekki til nein áreiðanleg gögn um íbúafjölda. En samkvæmt upplýsingum frá [www.indexmundi.com](http://www.indexmundi.com) má sjá að hæsta tíðni fæðinga er hjá Afríkuþjóðunum Niger, Angola, Uganda og Mali. Þar er fæðingartíðnin með yfir 40 fæðingar á hverja þúsund íbúa. Niger er á toppnum með 47,51 fæðingu á þúsund íbúa. Sameinuðu þjóðirnar áætla að 385 þúsund börn fæðist á hverjum degi, sem gerir um 140 milljón börn á hverju ári. Langflest þeirra fæðast í löndum sunnan Sahara. Barnadauði hefur minnkað ár frá ári. Nú er talið að barnadauði (undir 5 ára) sé víðast hvar í Afríku kominn niður fyrir 11%, en árið 1960 var talið að barnadauði væri um og yfir 40% hjá mörgum þessarra þjóða.

Jarðarbúar eru nú taldið vera um 8 milljarðar. Þar af eru Kínverjar og Indverjar fjölmennastir, eða u.þ.b. 1/3 jarðarbúa.

## Lions klúbbar í Afríku

Fyrsti Lionsklúbburinn í Afríku var stofnaður í Alsír 1953. Síðan þá hafa um 30 þúsund klúbbar verið stofnaðir í Afríku, allt frá Marokkó, Eþíópíu til Suður-Afríku. Þó eru engir klúbbar í þeim löndum þar sem ástandið er hvað verst. Fyrsti fulltrúi Afríku til að taka sæti í Alþjóðastjórn var kjörinn á Alþjóðþinginu í Milanó 2019.

Klúbbar á öllum Vesturlöndum hafa lagt óhemju fé til margvíslegs hjálparstarfs í Afríku. Lions á Norðurlöndunum hafa staðið að ýmsum verkefnum. Byggt upp brunna til að tryggja hreint vatn, komið upp tvískiptum útikómrum þar sem hægt er að nýta seyrna úr örðu tveggja hólfa til áburðar, hannað eldunaráhöld sem ganga fyrir sólarorku. Allt mjög mikilvæg verkefni.

## Lions á Íslandi



Lionshreyfingin okkar er aðili að NSR, samtökum Norrænu Lionsklúbbanna á Norðurlöndum. Sem slík erum við líka aðilar að hjálparstarfinu í Afríku. En við erum líka að vinna önnur mikilvæg verkefni fyrir hrjáðan heim. Við söfnum notuðum gleraugum sem eru yfirfarin og flokkuð til endurnýtingar í heiminum. Við styrkjum LCIF (Alþjóðahjálpar-sjóðinn) tökum þátt í ungmennabúðum Lions þar sem klúbbur/klúbbar taka á móti ungmennum hvaðanæva úr heiminum til að kynna land og þjóð, auk Lions á Íslandi. Um leið kynnumst við menningu þessarra ungmenna og þeirra þjóða. Þegar við stækum sjóndeildarhringinn, öðlumst meiri þekkingu á menningu annarra þjóða og gerumst víðsýnni, stuðlum við að aukinni samvinnu milli þjóða og eflum frið þjóða á milli.



Jóhanna Thorsteinson



# September – myndasíða

Guðmundur Jónsson Lionsklúbbnum Bjarma





## Minning +

### Anna Margeirsdóttir

F. 10. nóv. 1950 D. 2. júní 2022



Anna var ein af stofnfélgögum í Lionsklúbbum Fold sem stofnaður var í maí 1990. Það var hópur kvenna í Reykjavík sem hafði áhuga á að láta gott afsér leiða sem ákvað að ganga til liðs við Lions. Klúbburinn var stofnaður af 27 konum víðs vegar úr þjóðfélaginu og atvinnulífinu. Þetta voru 27 konur með ólíka lífssýn, ólíka reynslu og upplifanir en það tók ótrúlega stuttan tíma að hrista okkur saman og erum við enn starfandi eftir

32 ár. Þar átti Anna stóran þátt þessi lífsglaða, hressa, jákvæða og skemmtilega kona alltaf tilbúin að taka þátt í allri vinnu rétta alls staðar hjálparhönd og alltaf með bros á vör. Hún gengdi mörgum

trúnaðarstörfum fyrir klúbbinn, var 4 sinnum gjaldkeri, stallari, síðameistar og formaður í flestum nefndum. Við fengum líka að njóta vinnu Þóris mannsins hennar Önnu, hann átti sendiferðabíl og var ólátur að skutlast fyrir okkur hvort sem það var með plöntur upp í lundinn okkar í Heiðmörk eða sækja sjúkrarúm sem okkur voru gefin og við þurftum að koma í gáma til útflutnings til vanþróaðra landa. Anna missti Þórir sinn fyrir tæpum 3 árum og var hann öllum mikill harmdaudi ekki síst Önnu enda voru þau búin að vera saman frá 15 ára aldri. Árið 2016 var Anna sæmd Melvin Jones orðunni sem er æðsta viðurkenning fyrir störf innan Lions.

Við sendum fjölskyldu hennar innilegar samúðarkveðjur.

Hvíl í friði kæra vinkona  
Lionsklúbburinn Fold

## Minning +

### Svanhildur Guðmundsdóttir

F. 17.12.1933 D. 27.08.2022



Svanhildur gerðist meðlimur í Lionessklúbb Njarðvíkur 1988 þá var klúbburinn búin að vera starfræktur í eitt ár. En síðan 10 árum seinna var honum breytt í Lionsklubb Æsu. Svanhildur var búin að vera fullgildur meðlimur í 34 ár. Á þessum langa starfsferli starfaði hún í mörgum nefndum og verkefnum. Hún var sæmd æðstu viðurkenningu Lionshreyfingunnar Melvin Jones 27.júní.2012.

Svanhildur var einstök manneskja full af ærðuleysi, hlýju og sífellt brosandí. Hún var góður félagi sem við kveðjum með hlýhug og virðingu. Við þökkum trausta og góða samfylgd og sendum fjölskyldu hennar okkar dýpstu samúðarkveðjur,

Fyrir hönd félaga í Lionsklúbbi Æsu  
Guðbjört Ingólfsdóttir

Nú húmi slær á hópinn þinn  
Nú hljóðnar allar dalurinn  
Það sem gréri á þinni leið  
Um því nær heillar aldarskeið.

Vor héraðsprýðin horfin er  
Öll heiðríkja sem fylgdi þér  
Og allt grána sem áður var  
Og opnar vakir hér og þar.

Þín kær var þessi byggð  
Þú bast við hana ævitryggð  
Til árs og friðar ekki stríð  
Undir gekstu í háa tíð.

Þitt starf var farsælt hönd þín hlý  
Og hófvær göfgi svipnum í  
Þitt orð var heilt þitt hjarta milt  
Og hugdjúpið bjart og stílt

En stýrmisinn aldrei stóð um þig  
Hver stormur var að lægja sig  
En sólskin þinnar sálar skein  
Á satt og rétt í hverri grein

Loks beygði þreytan þína dáð  
Hið þýða fjör og augnaráð  
Sú þraut var hörð en hljóður ní  
Í hinsta drauma brosir þú

Svo hvíl þig vína hvíld er góð  
Vor hjörtu blessa þína slóð.  
(Jóhannes úr Kötlum)

## Heiðurssjóður Guðrúnar Bjartar.

Munum eftir Heiðurssjóðnum, öll framlög í hann skipta máli.

Upplýsingar eru á skrifstofu Lions.



# Lionsklúbbur Ólafsvíkur



S tóri plokkgalurinn var á síðasta sunnudag og margir fóru út að plokka og létu félagar í Lionsklubbi Ólafsvíkur sitt ekki eftir liggja. En þeir eru í fjáröflunar verkefni í samstarfi við Vegagerðina og plokka rusl á 60 kílómetra kafla á völdum svæðum á Snæfellsnesi. Var fyrsti dagurinn í því verkefni á sunnudaginn, eftir annað kvöldið sem lionsfélagar voru að plokka var komið svolítið mynstur af hvaða rusli var mest en á ákveðnu svæði var mikið af hálfsliters gosflöskum fullum af sígarettu stubbum og mikið af sígarettustubbum, böggum eða munntóbaki og var einnig töluvert af einnota rafrettum og má því segja að baggarnir og rafrettarnar séu stubbar framtíðarinnar.

Var mikið af hálfsliters gosflöskum fullum af sígarettu stubbum og mikið af sígarettustubbum, böggum eða munntóbaki og var einnig töluvert af einnota rafrettum og má því segja að baggarnir og rafrettarnar séu stubbar framtíðarinnar.

## Minning + Jón Ragnarsson



*Með trega kveðjum við Lionsfélagar í Grindavík féлага okkar og vin til margra ára Jón Ragnarsson eða Jonna eins og hann var jafnan kallaður.*

*Jonni fæddist á Skagaströnd 4. ágúst 1937 og lést á hjúkrunarheimilinu Víðihlíð í Grindavík 28. júní s.l. eftir löng og erfið veikindi.*

*Jonni var þriðji í röð 6 systkina sem öll eru látin. Jonni flutti með foreldrum sínum þeim Steinunni*

*Jónsdóttur og Ragnari Magnússyni til Grindavíkur 15 ára gamall. Í Grindavík fann Jón lífsförunaut sinn til æviloka Kristínu Thorsteinsen. Þau Jonni og Kristín eignuðust 3 börn: Magnús, Ólínu og Steinunni, barnbörn eru 9 og barnabarnabörn 3*

*Snemma hneigðist áhugi Jonna að sjómennsku og var hann aðeins 12 ára þegar hann byrjaði að róa með föður sínum á trillu yfir sumarmánuði frá Skagaströnd. Eftir að fjölskyldan flutti til Grindavíkur stundaði Jonni sjómennsku nær samfelld upp frá því. Hann lauk skipstjórnaprófi frá Stýrimannaskólanum 1965. Um tíma var hann með eigin útgerð en starfaði lengst af hjá Gjögri hf., eða í rúm 30 ár. Hann var skipstjóri á mb Oddgeiri ÞH 222, en síðar og lengst af á mb Verði ÞH 4. Jonni var farsæll skipstjóri og fengsæll með afbrigðum, var m.a. aflakóngur Suðurnesja árið 1989. Árið 2006 var Jonni gerður að heiðursfélaga hjá Skipstjóra- og Stýrimannafélaginu*

*Visi og var heiðraður á Sjómannadaginn árið 2010 af Sjómanna og Vélstjórafélagi Grindavíkur. Jonni lauk skipstjórnarferli sínum hjá Gjögri á sjötugasta aldursári.*

*Jonni gekk til liðs við Lionsklúbb Grindavíkur 19. okt. 1994. Það var mikill happafengur fyrir klúbbinn að fá Jonna í hópinn. Þrátt fyrir að eiga stundum erfitt með að sækja fundi vegna atvinnu sinnar, vann hann þess betur að framgangi klúbbsins þegar hann var viðlátinn. Jonni sat í stjórn klúbbsins starfsárið 2009 til 2010 sem gjaldkeri. Auk þess gengdi Jonni störfum í hinum ýmsu nefndum klúbbsins og þá yfirleitt í þeim nefndum sem mest reyndi á. Jonni var gerður að Melvin Jones féлага 05.05. 2014. Hlaut hann þá viðurkenningu fyrir mikil og óeigingjörn störf í þágu Lionsklúbbs Grindavíkur og Lionsshreyfingarinnar. Það voru ekki einungis störf í þágu klúbbsins sem gerðu Jonna að góðum Lionsfélaga einnig hafði hans léttu lund og góða nærvera jákvæð áhrif á okkur féлага hans. Koma þá upp í hugann fjölmörg ferðalög á vegum klúbbsins þar sem Jonni var hrókur alls fagnaðar.*

*Félagar í Lionsklúbbi Grindavíkur senda eiginkonu hans Kristínu Thorsteinsen, fjölskyldu og ættingjum innilegar samúðarkveðjur.*

*Þá vil ég nota tækifærið og þakka Jonna og eiginkonu hans Kristínu fyrir öll skemmtilegu ferðalögin sem við hjónin fórum ásamt þeim bæði innanlands og erlendis og þar standa golfferðirnar uppúr.*

*F.h. féлага í Lionsklúbbi Grindavíkur.*

*Halldór Ingvason*

## Lionsklúbbur Ólafsvíkur

Lionsklúbbarnir í Snæfellsbæ Rán, Perna, Nesþinga og Ólafsvíkur afhentu á dögunum Wellue EagleView ómskoðunartæki í sjúkra-  
bifreið HVE í Snæfellsbæ. Gjöfin mun nýtast mjög vel í bráðatilfellum sem og almennum sjúkraflutningum en tæki þetta gerir sjúkraflutningafólki kleift að óma hjarta, lungu, æðar og innvortis blæðingar svo dæmi séu tekin en tæki sem þetta var ekki til í tækjabúnaði sjúkraflutningafólks í Snæfellsbæ. Það voru fulltrúar frá félögunum fjórum sem afhentu gjöfina.



### Minning +

### Ásta Sigmundsdóttir

22. ágúst 1917 – 18 júlí 2022



Góð vinkona okkar og stofnfélagi í Lionsklúbbnum Ýr í Kópavogi, Ásta Sigmundsdóttir er látin.

Ásta var frá fyrsta degi ötul í Lionsstarfinu og var okkar fulltrúi í Sunnuhlíðarverkefninu til fjölda ára ásamt því að sjá um að hafa alltaf heitt á könnunni og nóg af meðlæti í Digranesverkefnum okkar.

Ásta var alla tíð jákvæð og lífsgleðin geislaði af henni í öllum okkar fjölbreyttu verkefnum sem hún

tók dyggan þátt í á meðan heilsa og aldur leyfði. Sérstaklega skemmti hún sér þó vel í árlegu vorferðunum okkar en frá þeim ferðum eigum við margar ljúfar minningar.

Ásta náði þeim merka áfanga að verða elsti félagi Lionshreyfingarinnar á Norðurlöndum. Einnig hlaut hún Melvin Jones viðurkenningu fyrir störf sín í Lionsklúbbnum Ýr.

Þegar draga fór fyrir sólu þá dró Ásta sig að mestu út úr hefðbundnu starfi klúbbsins en hélt þó alltaf góðu sambandi við okkur félagskonur og það var gaman að heimsækja hana og heyra hana rifja upp bernskuminningar frá Ísafirði.

Kæra Ásta, sólin er sest og rökkrið brestur á. Hafðu þökk fyrir ánægjulega samfylgd, við kveðjum þig með ást og virðingu og sendum fjölskyldu þinni hugheilar samúðarkveðjur.

Fyrir hönd Lionsklúbbsins Ýr,  
Jórunn Guðmundsdóttir, formaður.



### Munið minningarkort Lions

Falleg minningarkort Lions fáanleg hjá öllum Lionsklúbbum og á skrifstofu

Lionshreyfingarinnar í síma 561 3122.

<https://www.lions.is/is/minningarkort>

**EFLUM ÍSLENSKA HJÁLPARSJÓÐ LIONSHREYFINGARINNAR.**

# Lionsklúbbur Hafnarfjarðar



Gaflastittan

September er mánuður uppskerunnar, flest okkar sem hafa aðstöðu til, erum eflaust búin að taka upp kartöflurnar og annað grænmeti sem sáð var til í byrjun sumars og byrgja sig þannig upp með mat fyrir komandi vetur. Eins er það með Lions starfið, það þarf að undirbúa starfið vel fyrir komandi starfsár þannig að það verði aðlaðandi og gaman að vinna að verkefnum. Fyrsti fundur okkar var í annarri viku september þar sem reikningar liðins starfsárs voru yfir farnir og vetrarstarfið mótað. Til gaman má geta þess að núverandi formaður klúbbsins er yngsti Lions maður á landinu, Úlfur Atlason sem jafnframt er svæðisstjóri á svæði sex. Við höldum vorfagnaði í Gólfskálanum með eiginkonum. Við það tækifæri heiðruðum við tvo góða félagar okkar með Kjaransmerki, það voru þeir Sigurjón Ingvarsson er varð 90. ára í febrúar og Ingvar Viktorsson er varð 80. ára í apríl.

Í júníbyrjun afhentum við Sambýlinu að Berjahlíð flott Gasgrill en áður höfðum við gefið heimilinu grill sem var orðið ónýtt. Við afhentum Hrafnistu í Hafnarfirði ævingataeki fyrir hendur og fætur sem mun gagnast vistfólki vel. Í júní lögðum við land undir fót og fórum skemmtilega ferð um Suðurlandið. Var fyrst farið að Stokkseyyri og Þuriðarbúð skoðuð, þaðan haldið að Sólheimum og staðurinn skoðaður ásamt að fá kaffi og vöffur í Grænu könnunni. Frá Sólheimum var haldið á Selfoss, þar tók á móti okkur Magnús J. Magnússon fyrrum skólastjóri sem sagði okkur frá mannlifinu á Selfossi og merkjum stöðum, gengið var um nýja miðbæinn og Skeyrgerðin skoðuð. Farið síðan í Hellisskóg þar sem Ólafur formaður Lionsklúbb Selfoss tók á móti okkur í Lionslundi, þar sem Lionsmenn hafa reist minnismarki til minningar um látna félagar. Eftir skemmtilega og fræðandi stund var haldið til Hveragerðis á Hótel Örk, þar beið okkar veglegur kvöldverður. Samkvæmt venju í sumarferðum okkar voru þar stjórnarskipti og menn heiðraðir fyrir vel unnin störf. Í júlí var farið með fjölskylduna í Gróðurreit okkar fyrir ofan Sléttuhlíð þar sem boðið var uppá

hamborgara og pylsur. Björk Jakobsdóttir leikkona, leikskáld og leikstjóri var við það tækifæri heiðruð og sæmd heiðursnafnbótinni „Gaflari Hafnarfjarðar“ árið 2022.

Vetrarstarfið er hafið, við fundum annan og fjórða hvern fimmtudag og verðum með fundi í Kænunni. Á þessum fyrsta fundi okkar minntumst við fálaga okkar Gissurs Júní Kristjánssonar, er lést í júní sl. 78. ára að aldri, hann var fyrstur íslenskra karla til að bera eignanafnið „Júní“ en fæðingamánuður Gissurs var í miklu uppáhaldi hjá honum. Gissur var skemmtilegur og góður félagi sem sárt er saknað. Félagar eru nú 34 talsins. Gaman er að segja frá að fyrrum tveir félagar okkar þeir Guðjón Bjarki og Þorsteinn M. Kristinsson er komnir í klúbbinn aftur eftir nokkurra ára fjarveru og er þeim vel fagnað.

Í stjórn klúbbsins eru, Úlfur Atlason formaður, Jóhannes Örn Oliversson ritari og Friðgeir H. Guðmundsson gjaldkeri. Bestu Lions kveðjur frá okkur í LkH.

*Friðgeir H. Guðmundsson  
Blaðafulltrúi LkH*



Sigurjón Ingoarsson 90. ára og Ingoar Viktorsson 80. ára



Miðbærinn á Selfossi skoðaður undir leiðsögn Magnúsar J. Magnússonar, fyrrum skólastjóra



Sambýlinu Berjahlíð var afhent veglegt Gasgrill



Jón Rúnar Jónsson, Geir Hauksson og Magnús Ingjaldsson ásamt Gaflarastyttu



Björk Jakobsdóttir leikkona og leikskáld "Gaflari ársins í Hafnarfirði" ásamt Magnúsi Ingjaldssyni verkefnastjóra



Ólafur formaður Lions klúbb Selfossi segir frá Lions reit í Hellisskógi



Hamborgarar og pylsur á veisluborði. Vígdis Ásgeirsdóttir og Jörunn Jörundsdóttir



Þjálfunarahjól gefið Hrafnistu. Íris Þroska þjálfði ásamt klúbbfélögum

## Lionsklúbburinn Muninn og Ýr

Þann 27. Júlí 2022 afhentu Lionsklúbbarnir Muninn og Ýr íslenskum skátum 114 tíu manna borð og var þetta gert í minningu Friðriks Haraldssonar og konu hans Steinu Finnsdóttur, en Friðrik var skátahöfðingi og einnig stofnandi Lionsklúbbsins Munins, sem síðan stofnaði Ýr.



## Lionsklúbburinn Seyla



Golfmót Lkl. Seylu 2022

Kæru lionsfélagar. Lkl. Seyla á Álftanesi fagnar 10 ára afmæli á þessu ári en klúbburinn var stofnaður 1. mars 2012.

Starfið fór vel af stað í haust. Við fengum til okkar umdæmisstjóra og svæðisstjóra sem fluttu okkur hvatningarorð og komu með góðar hugmyndir inn í vetrarstarfið. Jólafundurinn var á sínum stað en svo þurftum við að sleppa janúarfundi vegna covid. Í febrúar héldum við vinkonufund og vorum með happdrætti þar sem ágóðinn rann í félagasjóð.

Marsfundurinn var svo afmælisfundur sem hófst með upphitun hjá formanni og þar tókum við inn tvo nýja féлага. Síðan var farið út að borða í Braggann í Nauthólsvík og snæddur dýrindis kvöldverður. Þar voru tveir félagar sæmdir Melvin Jones viðurkenningunni.

Verkefni voru bæði hefðbundin og ný. Við bökuðum ca 1000 sösur og seldum fyrir jólin, fórum í árlega fjöruhreinsun og héldum kvennagolfmót. Ágóði af þessum verkefnum rann í líknarsjóðinn.

Við styrktum Alþjóðahjálparsjóðinn, íslenska hjálparsjóðinn og Pieta samtökin og tókum þátt í sölu á Rauðu fjöðrinni. Að auki unnum við tvö verkefni í tilefni af afmælinu; við gáfum Álftnesingum garðbekk, sem settur var niður við upplýsingaskilti um Seyluna og Skansinn, sem eru gamlar minjar, og við gáfum út handbók þar sem fyrstu 10 árum klúbbsins voru gerð ítarleg skil.

Á vorfundinum var ný stjórn kynnt, en hana skipa Guðrún Helga Össurardóttir, formaður, Þórlaug Bjarnadóttir, ritari og Jóna Konráðsdóttir, gjaldkeri.



Melvin Jones handhafar: Guðrún Skúladóttir og Rut Helgadóttir



Nýliðar: Heroör Poulsen og Erla Guðjónsdóttir



Garðbekkurinn við Seyluna

Við hlökkum til nýs starfsárs og óskum öllum lionsklúbbum farsæls starfs á komandi starfsári.

Guðrún María Skúladóttir, fráfr. ritari

# Aldursforsetinn Ásta

Guðrún Björt Yngvadóttir

Fyrrv. Alþjóðaforseti Lions  
Ritari Alþjóðahjálparsjóðsins



Ásta var sérstaklega heiðruð af Alþjóðaforseta Lions með viðurkenningarskjali á aldarafmælis-ári Lions. Við Jórunn Guðmundsdóttir heimsóttum Ástu haustið 2016, til að afhenda henni skjalið frá Bob Corlew alþjóðaforseta. Hún sýndi okkur af stolti Melvin Jones skjöldinn sinn og bauð upp á kaffi og pönnukökur af mikilli gestrisni.



Í ágúst 2017 fórum við Jórunn saman á 100 ára afmælisveislu Ástu sem var haldin af miklum myndarbrag í Nauthóli, með hennar afkomendum, Lionsfélögum og vinum.



Ásta var elst allra Íslendinga þegar hún féll frá. Útför Ástu fór fram í Kópavogskirkju á 105 ára afmælisdaginn hennar. Þetta var falleg athöfn og voru Lionsfánar í kór kirkjunnar. Í sal fyrir erfidrykkju voru Melvin Jones skildir þeirra hjóna Ástu og Gunnars Þ. Þorsteinsonar, sem var félagi í Lkl. Muninn Kópavogi. Blessuð sé minning þeirra.

Ásta Sigmundsdóttir aldursforseti Lions á Íslandi og Norðurlöndunum er fallin frá. Ásta var fædd 22. ágúst 1917 og hefði orðið 105 ára daginn sem hún er jarðsett.

Ásta var stoltur Melvin Jones félagi, en hún var jafngömul Lionsshreyfingunni. Melvin Jones stofnaði Lions International í Bandaríkjunum árið 1917.



Ásta var félagi í Lionsklúbbnum Ýr í Kópavogi í næstum fjóra áratugi.

Hér er Ásta á Hótel Sögu með klúbbfélögum sínum á Norðurlandþingi Lions.

Ásta var alveg einstök manneskja, mikil sómakona, sannur félagi, fyrirmyndarborgari og fyrirmynd kvenna. Við erum stolt af henni.

Á Norðurlandþingi Lions – NSR á Íslandi í janúar 2017, voru allir 100 ára Lions-félagar á Norðurlöndunum heiðraðir, með sérstöku "100-ára afmælis-skjali" frá Alþjóðaforseta Lions Bob Corlew. Ásta mætti á NSR, stórglæsileg, brosandí og hress og heillaði alla viðstadda. Hún tók við skjalinu frá Alþjóðaforseta Lions, blómum og heilaóskum frá Lions á Norðurlöndum.



Lions Clubs International  
FOUNDATION

Á þessum tíma voru 11 manns á Norðurlöndum 100 ára og eldri. Ásta var eini Íslendingurinn og eina konan í þessum hópi. Hinir 10 eru allir fallnir frá fyrir nokkru síðan, svo Ásta var elst allra Lionsfélaga á Norðurlöndunum.



## Minningarmót um Kristján Kristjánsson

Kristján Kristjánsson var um áratuga skeið mikilvirkur stjórnandi í Lionshreyfingunni. Hann var meðal annars fjölumdæmisstjóri 1993-1994, sem er æðsta staða í Lionshreyfingunni hér á landi. Hann féll frá í febrúar s.l.

Minningarmót um Kristján Kristjánsson var haldið á golfvelli í Grafarholti 25. ágúst s.l. Aðalfrumkvöðull að mótinu var Guðmundur S. Guðmundsson, félagi í Lkl. Víðarr og vinur Kristjáns heitins. Keppendur voru alls 36.

Það er töluvert mikið mál að halda svona mót og það þarf að skipuleggja með löngum fyrirvara. Guðmundur S. naut góðrar aðstoðar fjölskyldu Kristjáns við sjálft mótshaldið, útreikninga og annað sem þarf til að skera úr um úrslit. Verðlaun voru veitt fyrir bestu frammistöðuna og fyrir að vera næstir holi á þar 3 holunum. En það voru ekki einungis sigurvegararnir sem hlut verðlaun heldur fékk sérhver keppandi veglega "teiggjöf" í upphafi móts. Og þeir sem unnu ekki til verðlauna fyrir árangur sinn fengu samt viðurkenningu fyrir það eitt að hafa tekið þátt og heiðrað þannig minningu Kristjáns.

Það var mjög sérstök og jákvæð stemming sem ríkti í Golfskálanum í Grafarholti þegar verið var að reikna út skor keppenda og deila út verðlaunum. Falleg mynd af Kristjáni var þar á borði með verðlaununum og það var eins og hann fylgdist þannig sjálfur með því sem fram færi, vonandi ánægður.

Fjölskylda Kristjáns tók mikinn þátt í undirbúningi mótsins og framkvæmd. Einnig sem keppendur, þeir sem höfðu áhuga á golfi.

Þegar ég horfði yfir salinn meðan verið var reikna úrslit og útteila verðlaunum taldi ég mig sjá að keppendur kæmu að meginstefnu úr þremur áttum (sumir úr fleiri en einni):

Fjölskylda Kristjáns.

Samstarfsmenn hans í gegn um tíðina.

Félagar í Lionsklúbbum Víðarri.

Kristján var alla tíð félagi í Lionsklúbbum Tý. En hann var einnig félagi í óformlegum golfklúbbum Víðarar. Þess vegna mættu 10 félagar Víðarar og makar til að taka þátt. Kristján var eini maðurinn utan Víðarar sem naut þess heiðurs. Kristján var þrygðisgóður kylfingur og

spilaði með okkur áratugum saman. Hann tók þátt í flestum mótum klúbbsins, oftast með mjög góðum árangri.

Helstu úrslit í minningarmótinu voru þessi: Punktakeppni konur.

1. Borg Dóra Benediksdóttir 36 punktar.
2. Guðrún Kristjánsdóttir 35 punktar,
3. Hlín Hólm 30 punktar.

Punktakeppni, karlar.

1. Benedikt Sigurbjörnsson 38 punktar.
2. Guðlaugur Jónsson 36 punktar.
3. Guðmundur S. Guðmundsson 35.

Fyrir hönd Lionsklúbbsins Víðarar.

Jón G. Briem

